

Lög

Nr. 1.
2. jan.

um

breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherrar skulu vera þrír.
Ákveður konungur starfsvið þeirra.

2. gr.

Ráðherrar hafa 8 000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 2 000 kr. í risnufje á ári.

Kostnaður af embættisferðum ráðherra úr landi og dvöl þeirra erlendis greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Landritaraembættið leggst niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. janúar 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.